



Minnisblað til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað skipulagsfulltrúa vegna ákvæða skipulags

Dags: 20. september 2022

Málsnúmer: 202208793/40.1

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Borist hefur erindi, dags. 30.8.2022, frá eigenda að hluta hesthúss að Skuggabakka 10. Eigendur óska þess að fá að stækka turnbyggingu sem heimilt er að byggja ofan á hvert og eitt hús.

Erindið þarfnast umfjöllunar nefndar og heimild fyrir óverulegu fráviki deiliskipulags hesthúsaðverfisins þar sem stærðarmörk og viðmið turnbygginga eru heldur fastmótuð.

Í greindargerð um húsagerðir gildandi deiliskipulags, samþykkt 30.03.2016, stendur:

4.2.1 Hesthús merkt D

Hesthús í elsta hluta hverfisins við Blesabakka, Funabakka, Skuggabakka og Þokkabakka, þar sem heimilt er að byggja turnbyggingu ofan á húsin samkvæmt kennisniði og byggingarreitum á skipulagsuppdraetti. Vegghæð, þ.e. hæð frá gólfi að skurðlínu þakútflatar og útveggjar, skal ekki vera meiri en 2,6 m, vegghæð í turni 2,3 m og mænishæð á turni að hámarki 5,85 m frá gólfkóta. Samanlögð lengd turna má vera allt að 2/3 af lengd húss, hámarks lengd hvers turns er 6 m og hámarksbreidd 4,5 m.

Skv. innsendum teikningum stendur til að stækka einu turnbyggingu Skuggabakka 10 í 9,9 m, stækkun fellur innan 2/3 lendar húss. Meðfylgjandi umsókn er undirritað samþykki meðeigenda Skuggabakka 10.

Að Blesabakka 2 hefur sambærileg turnbygging verið samþykkt.



Tillaga:

Lagt er til að umsókn verði meðhöndluð í samræmi við 3. Mgr. 43. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna frávíks deiliskipulags án deiliskipulagsbreyingar.

Virðingarfyllt,

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi.